

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða
Vestfjarðastofa
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður

Garðabær, 28. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0027
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir svæðisskipulag Vestfjarða

Vísað er í tölvubréf frá Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 21 maí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um verkefnislýsingu fyrir Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050 sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórnnum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Verkefnislýsingin gerir grein fyrir tildrögum og forsendum skipulagsvinnunnar og viðfangsefnum væntanlegrar skipulagstillögu og umhverfismati hennar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér verkefnislýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Jákvætt er að unnið sé að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Með því skapast tækifæri á að skapa heildstæða stefnu til framtíðar um landshlutann hvað varðar þau viðfangsefni sem taka þarf fyrir í skipulagsáætlunum, en þau eru fjölmörg.

Náttúrufræðistofnun er ekki lögbundinn umsagnaraðili fyrir skipulagslýsingar svæðisskipulagsáætlana en telur engu að síður mikilvægt að koma með ábendingar á þessu stigi. Svæðisskipulagið mun ná yfir Vestfjarðakjálkann sem er stórt og fjölbreytt svæði þar sem finnast fjölmargar náttúruminjar af ýmsum toga með hátt verndargildi en ólíka verndarstöðu, allt frá friðlýstum svæðum til náttúruminja sem ekki njóta neinnar verndar. Náttúrufræðistofnun mun í umsögn sinni leggja áherslu á að vekja athygli á mikilvægi þess að svæðisskipulagið fjalli um náttúruvernd og sjálfbæra auðlindanotkun á svæðinu og til að tryggja að stuðst sé við bestu þekkingu um náttúrufar og verndargildi.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um



skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun. Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>.
- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf.
- Jafnframt er bent á að stofnunin hefur lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruinjasrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>.
- Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>. Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> og upplýsingar um jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/>.
- Yfirlit yfir válista má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Í nýrri þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 sem samþykkt var á Alþingi á vorþingi koma fram mörg mikilvæg viðfangsefni er tengjast umgengni og verndun náttúru og nauðsynlegt er að horfa til við vinnu svæðisskipulagsins. Þar má sérstaklega nefna áherslur undir markmiði A um verndun umhverfis og náttúru t.d. um mikilvægi þess að skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja, að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir og að skipulagsgerð vegna orkunýtingar gæti að náttúruvernd.

Mikilvægt er að góð umfjöllun sé um náttúruvernd í landshlutanum í svæðisskipulaginu. Í dag eru níu friðlýst svæði að öllu eða hluta til á Vestfjörðum, sem m.a. tryggja verndun sumra af mikilvægustu sjófuglabýggðum landsins, Látrabjarg og björgin á Hornströndum. Einnig friðlýst svæði sem vernda ómetanlegar jarðminjar s.s. Surtarbrandsgil og einstakt landslag s.s. Dynjandi, Friðlandið í Vatnsfirði, Drangar og Hornstrandafriðlandið. Þá liggja sunnanverðir Vestfjarðar að verndarsvæði Breiðafjarðar þar sem mikilvæg strand- og fjörusvæði eru vernduð þó sú verndun sé fremur takmörkuð. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru tækifæri til að efla formlega náttúruvernd enn frekar á Vestfjörðum með fjölgun friðlýstra svæða. Þar eru áform um Þjóðgarð á Vestfjörðum sem hafa verið til skoðunar um nokkuð skeið sérstaklega mikilvæg. Athygli vekur að ekkert er minnst á þau áform í verkefnislýsingunni eða um hvort og hvernig skipuleg náttúruvernd verður til umfjöllunar í svæðisskipulaginu.

Allmörg svæði eru skráð á núgildandi náttúruinjasrá frá 1996 sem hefur gildi C-hluta náttúruinjasrár skv. ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þar má nefna svæði með fjölbreytt og verðmætt landslag s.s. Ketildali, hálendið milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar,



Geirþjófsfjörð, Kollafjörð og Kerlingarfjörð, Botn í Súgandafirði, vestanverðan Mjóafjörð, Vatnsfjarðarnes, Borgarland í Reykhólasveit, Veðileysu og Kaldbaksdal o.fl. Einnig mikilvæg steingervingasvæði en á Vestfirðir eru með allra mikilvægustu landshlutum þegar kemur að varðveislu steingervinga. Ýmsar aðrar merkar jarðminjar er víða að finna t.d. gamla megineldstöðin í Tjaldanesi og fjölmargir fossar og fossaraðir. Á Snæfjallaströnd og í Kaldalóni eru búsvæði allmargra tegunda sjaldgæfra plantna og var svæðið sett á Náttúruverndaráætlun 2009-2013 vegna þessa en ekki hefur komið til frekari verndunar á svæðinu. Náttúrufræðistofnun hefur einnig lagt til sem möguleg svæði fyrir B-hluta náttúruminjaskrár mikilvæg lífríkissvæði s.s. votlendið í botni Öndarfjarðar, leirur í inannverðum Dýrafirði, jarðhitasvæði á Reykjanesi, Reykhólum og í Goðdal, búsvæði sela í Ísafjarðardjúpi, Ströndum og sunnanverðum Húnaflóa og mörg mikilvæg fuglasvæði svo sem eyjarnar Borgarey og Vigur í Ísafjarðarfjúpi og allmargar sjófuglabýggðir á vestanverðum Vestfjarðakjálkanum.

Víða á Vestfjörðum eru náttúruminjar sem falla undir ákvæði sérstakrar verndar náttúruverndarlaga – þó er minna um sumar minjar sem eru algengari annars staðar t.d. eru engin söguleg hraun og votlendissvæði eru ekki mjög víðfeðm. Þó eru mikilvæg votlendissvæði á heiðalöndum t.d. upp af Reykhólasveit, Steingríms- og Bjarnarfirði, Langadal og víðar sem mikilvægt er að varðveita. Leirusvæði sem falla undir lagaákvæðið eru víðfeðmastar í Breiðafirði en finnast einnig víða í fleiri fjörðum og eru mikilvæg fæðuöflunarsvæði fugla t.d. á far- og vetrartíma. Heitar og kaldar lindir eru allvíða og fossar fjölmargir. Þá eru hálendisvötn fjölmörg á víðernum Vestfjarða en óvíða á landinu eru ósnortin víðerni eins víðfeðm og á Vestfjarðakjálkanum og mikilvægt að huga að því hvernig fundið er jafnvægi milli verndunar þeirra og nýtingar t.d. með tilliti til orkuframleiðslu sem verður þungavigtarviðfangsefni í svæðisskipulaginu.

Upptalning þessi á merkjum náttúrusvæðum og -minjum á Vestfjörðum er með engu móti tæmandi en undirstrikar hversu fjölbreytt og verðmæt náttúra svæðisins er og að tilefni er til að stíga markviss skref við að vernda lykilsvæði og -minjar til framtíðar með friðlýsingum, markvissri hverfisvernd í skipulagi eða öðrum verndarráðstöfunum. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að góð umfjöllun um framtíðarsýn náttúruverndar á Vestfjörðum sé í svæðisskipulaginu með beinni skírskotun í markmið í lögum og stefnum Íslands er varða málaflökkinn og alþjóðlegar skuldbindingar t.d. um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags.

Stefnt er að umfjöllun í svæðisskipulagi um ýmsa atvinnuvegi og áform sem fela í sér nýtingu á náttúruauðlindum og -svæðum. Mjög jákvætt er að áhersla er sett á sjálfbærni og hringrásarnálgun við framþróun atvinnulífs en mikilvægt er að greina einnig hvort og hvernig atvinnurekstur, innviðauppbýgging og önnur umsvif geta falið í sér neikvæð umhverfisáhrif. Þetta þarf að meta afar vandlega og nauðsynlegt er að við greiningu, mat og ákvarðanatöku um þau áform sem þar um ræðir, sé byggt á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna og að vistkerfisnálgun sé höfð að leiðarljósi.

Vísað er í ýmsar stefnur sem nauðsynlegt er að horfa til þ.m.t. landsskipulagsstefnuna sem áður hefur verið minnst á se mog gildandi strandsvæðaskipulag en þar er töluverð umfjöllun um náttúru strandsvæða og umgengni um hana. Aukin ásókn er í nýtingu strandsvæða á Vestfjörðum t.d. fyrir sjókvíaelði og ferðaþjónustu en einnig vaxandi áhugi á t.d. nýtingu



þörungar þ.m.t. kalkþörungar, þangs og þara. Búsvæði þessara þörungategunda eru lífauðug vistkerfi með hátt verndargildi sem tryggja þarf að ekki séu nýtt á ósjálfbæran hátt.

Tilfni er til að vísa í mun fleiri stefnur og áætlanir en taldar eru upp í verkefnislýsingunni t.d. má nefna á stefnur um landgræðslu og skógrækt og áætlanir í vatnamálum. Einnig er í undirbúningi stefna stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni þar sem m.a. er horft til markmiða nýs samkomulags Samnings Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity). Í því samkomulagi, Global Biodiversity Framework, eru sett fram mikilvæg markmið um að tryggja verndun, endurheimt, sjálfbæra nýtingu og góða umgengni um vistkerfi ekki síst til að tryggja velferð okkar samfélaga til framtíðar því við reiðum okkur á heilbrigði og stöðugleika þessara vistkerfa. Lagt er til að vel sé fylgst með stefnumótun Íslands um málaflokkinn við vinnu og framfylgd svæðisskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari ráðgjöf varðandi einstaka efnisþætti eins og við á og vísar í þær upplýsingar um náttúru landsins og mat á verndargildi hennar sem fjallað er um hér framar í umsögninni. Þá áskilur stofnunin sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum vinnu við svæðisskipulag.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

